

# Áætlun gegn kynferðislegri og kynbundinni áreitni og ofbeldi – Nemendur

Kynbundin og kynferðisleg áreitni, og ofbeldi (hér eftir nefnt brot) er með öllu óheimilt af hálfu starfsfólks og nemenda Verkmenntaskólans á Akureyri. Slíkt er hvorki liðið í samskiptum starfsfólks og nemenda, starfsfólks innbyrðis eða nemenda innbyrðis.

Skilgreining VMA á hvað kynferðisleg og kynbundin áreitni og ofbeldi styðst við reglugerð nr. 1000/2004 en þar segir í 3. gr.:

**Kynbundin áreitni:** Hegðun sem tengist kyni þess sem fyrir henni verður, er í óþökk viðkomandi og hefur þann tilgang eða þau áhrif að misbjóða virðingu viðkomandi og skapa aðstæður sem eru ógnandi, fjandsamlegar, niðurlægjandi, auðmýkjandi eða móðgandi fyrir viðkomandi.

**Kynferðisleg áreitni:** Hvers kyns kynferðisleg hegðun sem er í óþökk þess sem fyrir henni verður og hefur þann tilgang eða þau áhrif að misbjóða virðingu viðkomandi, einkum þegar hegðunin leiðir til ógnandi, fjandsamlegra, niðurlægjandi, auðmýkjandi eða móðgandi aðstæðna. Hegðunin getur verið orðbundin, táknræn og/eða líkamleg.

**Ofbeldi:** Hvers kyns hegðun sem leiðir til, eða gæti leitt til, líkamlegs eða sálræns skaða eða þjánainga þess sem fyrir henni verður, einnig hótun um slíkt, þvingun eða handahófskennda sviptingu frelsis.

Stefna og viðbragðsáætlun VMA skulu rifjaðar upp reglulega á og vera aðgengileg á vef skólans.

**VIÐBRÖGÐ – Nemendur**

Nemandi sem telur sig verða fyrir broti skal snúa sér hið fyrsta til þess aðila sem hann treystir vegna máls eða atviks tilkynna um atvikið. Trúnaðaraðili kemur málinu áfram til réttis móttakanda (skóla-, aðstoðarskólameistara, náms- og starfsráðgjafa, sviðstjóra eða umsjónarkennara). Móttakandi ákvarðar síðan í samráði við þolandann hvert framhaldið verður og upplýsir þolanda um þær leiðir sem eru í boði. Hægt er að velja milli óformlegrar- eða formlegrar málsmeðferðar. Það skal tekið fram að í kynferðismálum er **formleg málsmeðferð** ávallt notuð.

**Óformleg málsmeðferð** felur í sér að leitað er upplýsinga hjá þolanda og honum veittur stuðningur með trúnaðarsamtali eða ráðgjöf. Aðrir innan skólans eru alla jafna ekki upplýstir um málið (á ekki við í kynferðismálum). Mælt er með formlegri málsmeðferð nema þolandi ákveði óformlega málsmeðferð í samráði við móttakanda.

**Formleg málsmeðferð** felur í sér að gerð er hlutlaus athugun á málsatvikum. Rætt er við þolanda, geranda og aðra sem veitt geta upplýsingar um málið. Mælt er með þessari leið.

Móttakandi boðar þann/þá/hán sem kvartað er yfir á fund og kannar afstöðu hans/hennar/háns til kvörtunar eða tilkynningar. Berist tilkynning frá öðrum en þeirri/þeim/háni sem talið er að hafi orðið fyrir broti, boðar móttakandi þá/þann/hán sem talið er að hafi orðið fyrir broti á fund sinn og kannar afstöðu hennar/hans/háns til tilkynningar. **Ekki á að ræða við meintan geranda og þolanda saman.**

Móttakandi skal kanna málið til hlítar meðal annars með því að ræða við aðila þess og aðra sem varpað geta ljósi á málið. Mikilvægt er að móttakandi haldi nákvæma atvikaskrá með dagsetningum, skrái upplýsingar úr viðtölum og allar munnlegar upplýsingar sem berast.

Þjóða skal þeirri/þeim/háni sem talið er að hafi orðið fyrir broti sérfræðiaðstoð sálfræðings, náms-starfsráðgjafa eða annars meðferðaraðila með sérþekkingu á umræddum brotum. Óski viðkomandi eftir að kæra mál til lögreglu skal móttakandi vera henni/honum/háni til aðstoðar við það eftir föngum.

Æskilegt getur verið að fá utanaðkomandi til að rannsaka mál er varða **kynferðislega áreitni eða ofbeldi**. Slík mál eru sérstaklega viðkvæm og þarfnast rannsóknar alveg óháðra sérfræðinga.

Að loknum viðtölum við aðila málsins ákveður móttakandi hvort málið verði tekið til formlegrar meðferðar. Ákveði móttakandi að taka mál til formlegrar meðferðar skal hann grípa til nauðsynlegra ráðstafana varðandi námstilhögun aðila málsins.

Þegar rannsókn máls er lokið kynnir móttakandi þeim aðilum er viðkoma málinu hvort hann telji að um brot hafi verið að ræða og gerir tillögur að viðbrögðum og hvaða úrræða er réttast er að grípa til. Mikilvægt er að ljúka málinu með sameiginlegum fundi þegar atvik hafa verið upplýst.

## **Þagnarskylda**

Mæli lög ekki á annan veg er móttakanda og öðrum þeim sem að málinu koma skylt að gæta þagnarmælsku um einstök mál.

## **Gildistaka**

Verklagsreglur þessar, sem settar eru á grundvelli reglugerð um aðgerðir gegn kynferðislegri áreitni, kynbundinni áreitni og ofbeldi á vinnustöðum nr. 1009/2015 og með hliðsjón af lögum um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla nr. 10/2008.